

Hafnarfirði 22.08.2016.

Erindi: Fornubúðir 5, Hafnarfirði.

Með bréfi dags. 16.08.2016 kynnir Jón R. Halldórsson f.h. Fornubúða ehf. hugmyndir að uppbyggingu á lóðinni Fornubúðir 5.

Lóðin er samkvæmt FMR 14858 m² að stærð. Núverandi byggingarmagn á henni er 6239 m².

Nýtingarhlutfall lóðar er því um 0,41. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er ónýttur byggingarréttur að austanverðu við núverandi hús.

Nýtingarhlutfall á svæðinu skal almennt vera á bilinu 02-06 allt eftir eðli starfseminar. Fordæmi eru um deiliskipulagsbreytingar á svæðinu þar sem nýtingarhlutfall er um 1,0.

Samkvæmt bréfi lóðarhafa er gert ráð fyrir allt að 5500-6000 m² viðbótar byggingarmagni á lóð í þeim hugmyndum sem nú liggja fyrir. Þetta er um tvöföldun á byggingarmagni eða nýting upp á 0,82.

Þeim hugmyndum atvinnu uppbyggingu sem fram koma í bréfi lóðarhafa ber að fagna, og ljóst að skipulagslega má vel vinna breytingar sem falla að þeim. Tillögur að uppbyggingunni þarf þó að skoða gaumgæfilega.

Mikilvægt er að það mannvirki sem kemur á þennan stað veki forvitni manna og laði fólk að svæðinu. Slíkt myndi móta grundvöll að spennandi tækifærum við hafnarbakkann. Laða að aðra starfsemi og atvinnutækifæri.

Gaman væri að sjá tillögu þar sem bílaumferð væri sett í 2 sætið. Bílastæðum komið fyrir bakatil og greiður aðgangur fyrir gangandi og hjólandi við hafnarbakkann. Þar væri möguleiki fyrir t.d útmarkað í samstarfi við fiskmarkaðinn svo eitthvað sé nefnt.

Farþegar á skemmtiferðaskipum sem leggjast að bryggju fái góða tilfinningu fyrir bænum um leið og gengið er frá borði. Tækifæri er til þess að skapa t.d. fallega gönguleið alla leið inn í bæ, sem styrkir gönguleiðir bæjarins og tengir um leið hafnarsvæðið betur við miðbæinn.

Hafnarfjörður er hafnarbær. Tækifæri er á þessum stað til þess að tengjast aftur við höfnina og sögu bæjarins. Mikilvægt er að vel takist til og að mannvirkið gefi tóninn fyrir það sem koma skal.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi/arkitekt.

